

KJARVAL

40% afsláttur

1679 KR. KG.
Móa kjúklinga-bringur

799 KR. KG.
Fiskiborgarar forsteiktir

398 KR. STR. 300g
Freschetta Napoli Prosciutto

598 KR. PK.
Göl ítalskt salami

398 KR. PK.
Spænskt tapas álegg

519 KR. PK.
Kellogg's special K

139 KR. STR.
Coke Light 2 lítrar

329 KR. STR.
Lay's snakk paprika/salt

15% afsláttur

Toro súpur 6 tegundir

10% afsláttur

Skólaostur sneiddur

20% afsláttur

Nivea Free & Hold hársnrytiðvörur

699 KR. KG.
Úinber rauð

- Þín tilboð í Kjarval -

ÖLL VERÐ ERIU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDAEIGN

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Munið samveru Kirkjuskólans í Mýrdal næsta laugardag

kl. 11:15 - 12:00.

Rebbi refur kemur í heimsókn.

Sóknarprestur

Hvað er í fjársjóðskistunni?



VÍSA VIKUNNAR

Ástir

Oft á tíðum agnarneisti olli báli í mæddri sál. Ýmislegt úr læðing leysti laus við bæði svik og tál.

Já ástin hún er ótrúleg og einatt vanda veldur. Stundum fer hún vandan veg velst er hver á heldur. E.Ó.

Bænastund í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar.

Alla miðvikudaga kl. 17.00.

Tekið er á móti fyrirbænaefnum í síma 849-7549.

Vísa:

Á dansi lifað Gunna gat, það getur ekki fjöldinn. Hún notaði vals í morgunmat, en marsúrka á kvöldin

Höfundur: Ísleifur Gíslason, Saudárkróki f.1873 - d.1960

MINNUM Á

Aðalfund UMF Kötlu

á Ströndinni, fimmtudagskvöldið
5. mars kl. 20:00 Stjórnin

málsháttur vikunnar

OFT ER DYGGÐ UNDIR DÖKKU HÁRI

Ný netverslun - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

áhugavert

<http://olthorol.com/sacunn.html>

VITINN á www.sudurland.net

10. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 4. MARS 2009

SMÁAUGLYSINGAR



Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Mínum á sameiginlegan deildarfund allra deilda í Skaftárhreppi og Örafadeildar sem verður haldinn að Hótel Kirkjubæjarklaustri **miðvikudaginn 4. mars. kl. 20:30. (í kvöld).**

Hefðbundin störf deildarfundar.
Steinþór Skúlason forstjóri mætir á fundinn.
Félagsmenn allra deilda eru hvattir til að mæta.
Deildarstjórar

Innanfélagsmót

Föstudaginn 6. mars kl. 13:00 verður haldið bætingamót í íþróttahúsinu á Kirkjubæjarklaustri. Kept verður í langstökki og þrístökki án atrennu, spretthlaupi, skutlukasti og kúluvarpi. Mótið er ætlað 16 ára og yngri og er skráning á staðnum. Foreldrar eru hvattir til að mæta með krökkunum. Eftir mótið verður svo frítt í sund fyrir alla! :

Skafti og Ármann.

Aðalfundur Skafta

Aðalfundur Skafta verður haldinn í Tunguseli þann 6. mars kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin



Mynd tekin á íbúafundi, Betri byggðar í Mýrdal, sem haldin var á Ströndinni í Víkurskála 25. feb. sl. Jónas E.

Betri byggð í Mýrdal eru áhugasamtök íbúa um bættar samgöngur, jarðgöng um Reynisfjall og byggingu sjóvarnargarða við Vík. Í Berti byggð í Mýrdal 124 félagar úr sveitafélaginu, frá Sólheimabæjum að Höfðabrekku. Á íbúafundinn mættu á fimmta tug, fjölmargir tóku til máls og fór fram málefnaleg umræða. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri var gestur fundarins. Hann fór yfir sögu þorpsins varðandi sandfok og þá miklu vát er nú stöðjar að. Hann sagði að alltaf minnkar þó landið og bilið þrengist sem við höfum til að koma upp almennilegum sandfoksvörnum. Neyðarráðstafanir hafa nú nýverið verið gerðar með sandgirdingum. Hvergi á landinu nær melgresið að standast jafn vel ágang sjávar. Fundarstjóri tók saman örstutt yfir helstu mál fundarins, sjóvarnargarð í rofabakkann strax ekki við flóðvarnargarðinn, öruggan veg, stutt jarðgöng, vernda ræktað land, lítið fuglalíf á Dyrhólaósbökkunum og Mýrdalurinn er ekki ósnortið land, mikið framræst. Byggja ákvörðunartöku á rökum og að íbúar standi saman.

f.h.Betri byggð í Mýrdal Bryndís F. Harðardóttir.

Lífrikisspiru-lofsöngur 3. vers

Lag. Á Hóli var bóndi sem hét bara Jón

Já Reynishverfið er fagurt og frítt.
Og Fjallið þið inn fyrir ratið.
Þar andblærinn skellur á oftast svo blítt
Að oft hverfur höfuðsins fatið.
Hæ, hæ, og hó, okkar er matið.
Þó Hverfingum finnist það ferlega skítt
Þá fá þeir ei göngin né gatið.

RR.

Frh. í næsta blaði.

Til umhugsunar:

(Skyldi vera fylgni á milli skalla hjá karlmönnum og fjölda ferða þeirra á sviptivindasvæði?)

Tillaga til Umhverfisráðherra: Að friða norðurenda Reynisfjalls, norður fyrir "Skaðræðisveginn" vegna brekkubobba og músa, sem eru þar í útrýmingarhættu.

Þessar tegundir dafna hinsvegar vel í suðurhluta fjallsins, friðunarlaust.

sem 1. áfangi sjóvarna og þannig dregið um nokkur ár þörf fyrir stórtgjöld ríkis og sveitarfélags vegna sjóvarna. Sveitarstjóri upplýsir að samráðsfundur Mýrdalshrepps, Siglingastofnunar og Landgræðslunnar verði föstudaginn 27. febrúar hjá Siglingastofnun.

3. Fundargerð 8. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 8. janúar 2009. Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð 9. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 17. janúar 2009. Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Starfsendurhæfingar Suðurlands dags 15. febrúar 2009. Erindinu frestað og sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Úrgangsmál - bréf Umhverfisstofnunar dags. 30. janúar 2009. Með bréfi sínu vekur Umhverfisstofnun athygli á þeim kröfum sem gerðar verða til allra starfandi urðunarstaða eftir 16. júlí 2009 um að urðunarstöðum verði skylt að uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs eða loka ella. Starfsleyfi fyrir urðunarstaði við Uxafótarlæk og á Skógasandi renna út í lok júní 2009.

Sveitarstjóra falið að óska eftir endurnýjun starfsleyfa fyrir urðunarstaði við Uxafótarlæk með ákveðnum undanþágum sbr. heimild í 25. gr. reglugerðarinnar. Engu að síður skuli stefnt að því að hætta að nota grófurðunarstað við Uxafótarlæk um leið og aukin flokkun og endurvinnsla gera slíkt mögulegt. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum liggja fyrir til kynningar.

2. Gjaldskrá fyrir fráveitur. Sveitarstjórni samþykkir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá.

3. Mýrabraut 13. Sveitarstjórni samþykkir að kaupa eignarhlut ríkisins í Mýrabraut 13 í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og heimilar sveitarstjóra að undirrita kaupsamning og afsal.

4. XXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. 23. landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga verður haldið föstudaginn 13. mars n.k. Samþykkt að Elín Einarsdóttir fari með atkvæði Mýrdalshrepps á þinginu.

5. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2009 verður haldinn föstudaginn 13. mars n.k. Samþykkt að Sveinn Pálsson fari með atkvæði Mýrdalshrepps á fundinum.

6. Tölvubréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 25. febrúar 2009. Með bréfinu er Mýrdalshreppi gefinn kostur á að senda skriflega umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndar-áætlun 2009-2013. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að friða hvanntóð undir Reynisfjalli þar sem er búsvæði brekkubobba Sveitarstjórni leggst gegn friðlýsingu hvanntóðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hætta búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 31. fundar barnaverndarnefndar frá 21. janúar 2009.

2. Fundargerð 112. fundar stjórnar Skólaskrifstofu frá 9. febrúar 2009.

3. Fundargerð 281. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 4. febrúar 2009.

4. Fundargerð 16. fundar félagsmálanefndar frá 11. febrúar 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf Samgönguráðuneytis dags. 16. febrúar 2009.

2. Minnisblað Landgræðslustjóra dags. 25. janúar 2009.

3. Bréf Samfylkingarinnar í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu dags. 1. febrúar 2009.

4. Bréf til Símans dags. 9. febrúar 2009.

5. Gjafabréf.

6. Jöfnunarsjóður - uppgjör framlaga 2008.

Ályktun KSÍ dags. 14. febrúar 2009.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:45

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Reyniskirkja í Mýrdal



Guðsþjónusta verður í Reyniskirkju í Mýrdal nk. sunnudag, 8. mars 2009 kl. 14:00.

Kristín Björnsdóttir leikur á orgel.

Almennur safnaðarsöngur.

Fjölmönnum til kirkju á öðrum sunnudegi í föstu.

Sóknarprestur.

Víkurkirkja í Mýrdal

Hvítasunnudagur, 31. maí 2009 kl. 13:00

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson



Fermd verða:

Alða Sól Hauksdóttir

Emilía Ósk Lorange

Fríðbert Elí Gíslason

Kristín Erla Benedíktsdóttir

Þór Jónsson

Ægír Mání Hauksson

Mýrabraut 13 870 Vík

Austurvegi 25 870 Vík

Austurvegi 17 870 Vík

Sólheimakotí 871 Vík

Mánabraut 8 870 Vík

Mýrabraut 13 870 Vík

Skógakirkja

Hvítasunnudagur, 31. maí 2009 kl. 15:00

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson



Fermdir verða:

Magnús Örn Sigurjónsson

Einar Sigurðsson

Eystrí-Pétursey 871 Vík

Sigtúni 2 870 Vík

Samantekt vikuna 23. febrúar til 2. mars 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 91 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 18 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 140 km hraða. Tvö umferðaróhöpp voru í vikunni. Bílvelta var við Dýralæki á Mýrdalssandi. Þar urðu ekki slys á fólki.

Bifreiðaskoðun var í s.l. viku í Vík í Mýrdal og verður á Klaustri í þessari viku. Hvetjum við alla til að mæta með bifreiðar sínar á réttum tíma en nú er farið að beita sektum ef komið er of seint með bifreiðar í skoðun. Bílvelta var á sunnudaginn s.l. og fór sjúkrafreið frá Höfn á móti TF-Gná þyrlu Landhelgisgæslunnar. Lent var á Kirkjubæjarklaustri þar sem kona sem slasaðist var sett um borð. Þyrlan snéri síðan við til baka á Klaustur, lenti þar og tók lækniinn með sér á Höfn vegna veikinda barns. Þetta slys var á svæði Esifjarðarlögreglunnar á Höfn.

Vikan var samt í heild mjög róleg að öðru leiti en umferð er að aukast og um leið hraði með hækkandi sól. Teljum við að með sýnilegri og virkri löggæslu megi halda niðri tölu umferðarslysa.

Á síðasta ári voru 1.925 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á starfssvæði lögreglunnar á Hvolsvelli. Fundum við greinilega fyrir mun á alvarleika umferðarslysa á síðasta ári, miðað við árið 2007. Einnig hafði slysum í umferðinni fækkað til muna. Hvetjum við ökumenn til að aka á löglegum hraða og að miða akstur ávallt við aðstæður.

Með þessu fæst einnig sparnaður því eyðsla ökutækja fer eftir á hvaða hraða er ekið. Látum okkur þetta öll varða.

*Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri*

Hin árlega þorraferð 4x3

var farin mánaðarmótiin feb-mars og að vanda stefnt í Hólaskjól, sem er afréttarhús Tungumanna í Lambaskarðshólum á fjallabaksleið nyrðri.

Rúmlega 30 manns mættu á blót á 11 jeppum, en annar 15 manna hópur sem ætlaði aðra leið á blótsstað lenti í hrakningum vegna þungs færis og bilana og þurftu frá að hverfa.

Veðrið lék við félagi eins og vanalega, nægur snjór og þungt en skemmtilegt færi.

Blótið heppnaðist vel í alla staði í umsjón Péturseyjarbræðra sem voru með skemmtiatriði af ýmsum toga, báru fram þorrakræsingar og héldu uppi fjöri fram eftir nóttu. HIE



Töluverður fjöldi var af farkostum þótt ekki hafi allir komist á áfangastað. Mynd: HIE



Í lok síðasta árs fór fram formleg afhending á gjöf frá Kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps, Kvenfélagi Skaftártunguhrepps og Kvenfélaginu Hvöt sem og Klausturdeild Rauða Krossins til Heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri. Taskan var afhent Auðbjörgu B. Bjarnadóttur yfirhjúkrunarfræðingi heilsugæslunnar á Klaustri. Um er að ræða neyðartösku sem mun hjálpa starfsfólki stöðvarinnar við að veita skjót og rétt viðbrögð við alvarleg slys barna og ungmenna.

Stofnunin þakkar af alhug þessa höfðinglegu gjöf og þá göfugu hugsun sem slíkri gjöf fylgir.

Á myndinni: F.v. Elín Anna Valdimarsdóttir fulltrúi RKÍ klausturdeildar, Sigurlaug Jónsdóttir formaður kvenfélags Kirkjubæjarhrepps og Ólaffa Davíðsdóttir Formaður kvenfélagsins Hvatar. Fulltrúi kvenfélags Skaftártunguhrepps hafði ekki tók á að koma og vera við afhendinguna.

*Mynd og texti: Auðbjörg B. Bjarnadóttir
Yfirhjfr. Heilsugæslunnar á
Kirkjubæjarklaustri*

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

443. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 25. febrúar 2009 verði tekið á dagskrá undir liðnum III-6. Samþykkt. Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

1. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 157. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 12. febrúar 2009. Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerð 158. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 19. febrúar 2009. Á fundinum var m.a. samþykkt að óska eftir að haldinn verði sameiginlegur fundur fulltrúa sveitarstjórnar og skipulags- og byggingarnefndar með Landgræðslu og Siglingastofnun til að ræða nánari útfærslur á fyrirhugaðri sjóvörn. Fundargerðin samþykkt. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið nefndarinnar um að brýnt sé að hefja framkvæmdir við sjóvörn svo fljótt sem kostur er og að æskilegt sé að sjóvörmin verði staðsett fjær byggðinni en Siglingastofnun hefur áformað. Landgræðslustjóri hefur í minnisblaði ítrekað að of lítið svigrúm sé til sandfoksvarna og að brýnt sé að koma ölduvörn með grjótkápu á rofbakkann hið fyrsta. Sveitarstjórn minnir á að þegar unnið var að frumhönnun sjóvarna við Vík fyrir um 15 árum, hafi lítt verið hugað að útivistargildi svæðisins en áætla má að yfir 100.000 manns heimsæki Víkurfjöru á ári hverju. Þessi sjónarmið verður að taka með í reikninginn nú áður en lokahönnun sjóvarna fer fram. Þannig verði leitast eftir að vörnin falli inn í umhverfið eins og kostur er og fylgi strandlengjunni frekar en beinum línunum. Skoðað verði hvort bakkavörn núverandi rofbakka getið komið

IH
ICELANDAIR HOTELS
KLAUSTUR

Laus störf sumarið 2009.

Óska eftir að ráða kraftmikið og duglegt fólk til almennra hótélstarfa nú í sumar á Icelandairhotel Klaustri.

Í boði eru fjölbreytt störf s.s við næturvörslu, störf í veitingasal, þrif á herbergjum, vinna í þvottahúsi og í eldhúsi.

Um getur verið að ræða fulla vinnu - einnig kemur til greina að ráða í hlutastörf.

Icelandairhotel Klaustur er krefjandi vinnustaður en um leið líflægur og skemmtilegur.

Hægt er að senda umsóknir á rafrænu formi á netfang hótelsins klaustur@icehotels.is en einnig má senda skriflegar umsóknir.

Umsóknarfrestur er til 15. mars.

Allar nánari upplýsingar gefa Karl Rafnsson eða Svanhildur Davíðsdóttir í síma hótelsins 487 - 4900

Grunnskóli Mýralshrepps

Skólaliði



Starf skólaliða er laust til umsóknar.
Starfið felst í daglegri ræstingu og umsjón í mötuneyti.

Nánari upplýsingar hjá skólastjóra s: 487 1242

Minnun á Þrjónakaffihúsið

á Halldórskafti kl. 20.30

næst hittumst við 5. og 19. mars
2. og 16. apríl og 7. maí.

Góða skapið verður með í farteskinu, ekki skilyrði að þrjónarnir fylgi.

Vonandi að sem flestir mæti

Kvenf. Hvammshrepps

SAMBAND VESTUR-SKAFTFELLSKRA KVENNA

SVSK

fyrirhugar námskeið í ræktun matjurta, ávaxta- og berjatrjáa
22. mars í Herjólfssstaðaskóla.

Námskeiðið hefst kl. 12 á hádegi og er ca 5 klukkutímar.
Kennarar verða Auður Ottesen og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar

Skráning hjá Málfríði í síma 487 1228 og Rannveigu síma 487 4651

fyrir 14. mars

STJÓRN SVSK

Framsókn

Stofnfundur Félags ungra framsóknarmanna í Vestur-Skaftafellssýslu verður haldinn föstudaginn 6. mars klukkan 20:00 á Ströndinni, Víkurskála Vík.

Allir þeir sem áhuga hafa á að byggja upp betra samfélag með samvinnu og jöfnuð að leiðarljósi á aldrinum 16-35 ára eru velkomnir.

Endilega takið með vini og kunningja.

Undirbúningsnefndin

Konukvöld með "karlmannlegu" ívafi að þessu sinni.

Takið daginn frá fyrir akkúrat ekkert annað en skemmtileg heit!!!

Dagurinn er föstudagurinn 24. apríl. Segi og skrifa.
Nánar seinna.

Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps
ps. allir sem vilja hafa gaman saman (ekki bara "kvenfélagar".....)

Minum á: Eigum ávalt nóg til að flatkökum og rækjum...

Aðalfundur Félags sauðfjárþænda

**í Vestur-Skaftafellssýslu
verður haldinn á Hótel Klaustri
fimmtudaginn 12. mars nk kl. 20:30.**

Á dagskrá er eftirfarandi:

- Venjuleg aðalfundastörf
- Fanney Ólöf fer yfir störf stjórnar LS á líðandi starfsári
- Starfsmaður frá Matís mætir á fundinn og kynnir niðurstöður úttektar á áhrifum aflífunar og kælingar á gæði kindakjöts og einnig mun hann kynna önnur verkefni tengt gæðum lambakjöts

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Hvetjum sauðfjárþændur til að fjölmenna á fundinn.

Það skiptir máli að sauðfjárþændur standi saman á þeim erfiðu tímum sem nú fara í hönd.

Sauðfjárþændur sem ekki eru nú þegar í félaginu eru því hvattir til að mæta og gerast félagar.

Stjórnin

 Rauði kross Íslands
Víkurdeild

Aðalfundur

*Rauði kross Íslands, Víkurdeild, heldur aðalfund sinn
næsta þriðjudag, 10. mars kl. 20:00 á Halldórskaffi.*

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál



Kaffiveitingar í boði deildarinnar.

Allir velkomnir

Stjórn Víkurdeildar

Orlofsferð !

**Ágætu þátttakendur í orlofsferð
Sambands V- Skaftfellskra kvenna. 7. mars n.k.**

Farið verður frá Skaftárskála á Klaustri kl.11.30.
Bankaplaninu í Vík kl. 12.30

Orlofsnefndin



Kerlingadalsá brýtur sér leið

Eins og sést á myndinni þá hefur Kerlingadalsá í Mýrdal brotið stórt skarð í varnargarð upp af brúnni á þjóðvegi eitt. Þegar garðurinn fer í sundur skellur áin með fullum þunga á óvörðum þjóðveginum austan við Vík í Mýrdal.

*Texti og mynd sem tekin er 26. feb. sl.
Jónas Erl.*